

Allsherjar – og menntamálanefnd Alþingis  
b.t. Hildar Edwald skjalaritara  
Skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík


Reykjavík, 26.4.2019  
Málsnúmer: DSS201904-0197

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.) 783. mál.

Dómstólasýslunni hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.) 783. mál. Stjórn dómstólasýslunnar fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 24. apríl 2019.

Dómstólasýslan gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en leggur þó til að bætt verði við ákvæði í niðurlagi 3. mgr. 39. gr. laga um dómstóla þess efnis að starfsmenn dómstóla geti ekki verið tilnefndir sem sérfróðir meðdómsmenn. Tillagan tekur m.a. tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið af hálfu GRECO (ríkjahópur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn spillingu) vaðandi tilnefningu sérfróðra meðdómsmanna. Að baki tillögu dómstólasýslunnar býr að sjálfstæði meðdómsmanns er ekki nægjanlega tryggt ef hann er starfsmaður dómstóla og stendur þannig í starfstengslum við skipaða dómara. Einnig er þessi aðstaða til þess falinn að auka traust og tiltrú á dómskerfinu. Ef eftir því er leitað er dómstólasýslan reiðubúin til þess að skýra þetta nánar á fundi með þingnefndinni.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar dómstólasýslunnar



---

Ólöf Finnsdóttir,  
frankvæmdastjóri